

um athugun á möguleikum til fiskveiða við vesturströnd Afríku.

Flm.: Davíð Ólafsson, Einar Sigurðsson, Jón Árnason, Kjartan J. Jóhannsson, Matthías Á. Mathiesen, Pétur Sigurðsson, Sigurður Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á því, hvaða möguleikar eru á, að íslensk fiskiskip geti hafið fiskveiðar við vesturströnd Afríku.

Leiði sú athugun í ljós, að möguleikar á slíkum veiðum séu fyrir hendi, beiti ríkisstjórnin sér fyrir því, að tilraun verði gerð.

#### Greinargerð.

Merkileg þróun hefur á undanförnum árum átt sér stað í fiskveiðum í heiminum. Eitt einkenni þessarar þróunar er hin mikla aukning veiðisvæða, sem átt hefur sér stað. Stærri skip og stórbættur útbúnaður bæði til fiskileitar og veiða eiga hér veigamestan þátt.

Íslendingar hafa fylgzt með í þessari þróun. Á undanförnum árum hefur veiðisvæði togaraflotans íslenska verið aukið mjög, og nægir í því sambandi að minna á miðin við Austur-Grænland og undan Nýfundnalandi. Hefur nær eingöngu verið um að ræða karfaveiðar á þessum nýju veiðisvæðum. Sameiginlegt öllum hinum nýju karfamiðum er, að í upphafi hefur aflinn verið mjög mikill, en tiltölulega skjótt hefur tekið að draga úr honum, og síðan hefur aðeins verið um stopular veiðar að ræða. Hefur þróunin á yfirstandandi ári verið sérstaklega uggvænleg í þessu tilliti og hefur leitt til stórminnkandi afla togaranna.

Á undanförnum árum hafa ný skip í bátafлотanum farið stækkandi. Allmikið hefur verið byggt af skipum 150—250 rúml. Þessi skip eru of dýr, bæði í stofn- og rekstri, til þess að þau geti byggt afkomu sína eingöngu á veiðum hér við land. Má í því sambandi t. d. benda á, að Norðmenn eiga allmikið af slíkum skipum og gera þau út á sildveiðar við Noreg á veturna, en síðan til veiða á fjarlægum miðum, m. a. við Grænland og Nýfundnaland, auk sildveiða við Ísland. Hlýtur óhjákvæmilega að því að koma, að íslensk skip af þessum stærðum leiti til fanga á fjarlægari mið.

Undanfarin ár hefur athygli manna beint mjög að hafsvæðinu undan vesturströnd Afríku, þar sem auðug fiskimið hafa fundizt. Virðist þar vera um að ræða fjölmargar fisktegundir, en ekki kannað til hlítar um magn þeirra né notagildi. Margar þjóðir hafa sent fiskiskip sín á þessi svæði, og fer sá floti ört vaxandi, sem þangað leitar. Er þar um að ræða veiðiskip frá löndum beggja vegna Atlantshafs og jafnvel allt frá Japan.

Snemma á þessu ári sendu Norðmenn rannsóknarleiðangur á þetta svæði og töldu árangur af þeim athugunum, sem þá voru gerðar, svo góðan, að þeir hafa nú nýlega sent þangað heilan flota skipa ásamt móðurskipi og rannsóknarskipi. Eru skipin af sömu stærð og þau skip, sem stunda veiðar við Grænland og Nýfundnaland. Takist þessi tilraun vel, er talið, að lengja megi úthaldstíma þessara skipa um 2—3 mánuði á ári.

Leiðangur þessi er farinn með stuðningi norska ríkisins, þ. e. a. s. ábyrgt er viss upphæð á hvert skip.

Er nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að fylgjast sem bezt með því, sem þarna er að gerast. Við eigum talsverðan flota skipa, sem hentað gæti til veiða á þessum slóðum, bæði vélbáta og stóra togara.

Áðður en ráðizt yrði í framkvæmdir, yrði nauðsynlegt að rannsaka allar aðstæður, og er eðlilegast, að slík rannsókn verði framkvæmd af hinu opinbera. Er því þessi tillaga flutt.